

BLÖNDUÓSBÆR	
M.S.M. daga.:	Málsari.:
17.06.20	
Málauktíð: 00.01.01	

## Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

### Fundargerð

Fimmtudaginn 9. mars 2017 kl. 16:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlangs um atvinnu og menningarmál í A-Hún. Fundarstaður bæjarskrifstofur Blönduósbæjar. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Guðmundur Haukur Jakobsson, Sigrún Hauksdóttir, Dagný Úlfarsdóttir og Arnar Þór Sævarsson. Arnar Þór ritaði fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

#### Dagskrá:

- 1) Framkvæmdir við Kvennaskólann**
- 2) Atvinnumál**
- 3) Önnur mál**

#### Afgreiðslur:

##### **1. Framkvæmdir við Kvennaskólann**

Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar Blönduósbæjar mætti á fundinn og gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við íbúðarhús við Kvennaskólann.

Ágúst Þór kynnti tilboð í innréttningar og uppsetningu frá Stíganda ehf.

Afgreiðsla þess liðar frestað meðan unnið er að fjármögnun verksins.

Fundurinn samþykkti að ljúka við þann verkþætti sem samið hefur verið við Trésmiðju Helga Gunnarssonar ehf. og jafnframt verði gengið frá því að tengja hitakerfi hússins.

Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra falið að ræða við mennta-og menningarmálaráðuneytið um frekari styrkveitingar til framkvæmdanna við Kvennaskólann.

Umræður urðu um einstaka verkþætti.

##### **2. Atvinnumál**

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fóru yfir atvinnumál á svæðinu. Rætt var m.a.um samning um fjárveitingar stjónrvalda til SSNV vegna rannsókna og greininga á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði á Hafursstöðum í A-Hún.

Samningurinn byggir m.a. á ályktun Alþingis um átak stjónrvalda og sveitarfélaga í Austur Húnnavatnssýslu til atvinnuuppgöggunar sem samþykkt var 15. janúar 2014 og greinargerð verkefnastjórnar sem gefin var út í maí 2015.

Miklar umræður urðu atvinnumál í héraði.

##### **3. Önnur mál**

Engin önnur mál

## Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

---

*Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18:10*